

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 13. janúar 2020

Mál nr. E-1760/2019:

A

(Óðinn Elísson lögmaður)

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Einar Baldvin Axelsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem var höfðað með birtingu stefnu 15. apríl 2019, var dómtekið 5. desember sl. Stefnandi er A. Stefndi er Vátryggingafélag Íslands [...].

Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði bótaskylda stefnda úr frjálsri ábyrgðartryggingu Z hjá stefnda, vegna líkamstjóns sem hann hlaut í slysi þann 6. desember 2017. Auk þess krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfu stefnanda en til vara að sök verði skipt og stefnanda verði gert að bera meirihluta sakar. Í báðum tilvikum krefst stefndi greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I.

Stefndi slasaðist 6. desember 2017 þegar hann féll ofan í bílagryfju á smurstöð Z. Tildrög slyssins voru þau að stefnandi kom með bifreið sína á smurstöðina og óskaði eftir því að skipt yrði um peru í framljósi bifreiðarinnar. Starfsmenn smurstöðvarinnar óku bifreiðinni inn á verkstæði og komu henni fyrir yfir einni af þremur bílagryfjum sem eru á verkstæðinu en stefnandi hélt inn í afgreiðslu verkstæðisins. Skömmu síðar kom starfsmaður verkstæðisins til stefnanda og sagði honum að erfiðlega gengi að losa fjöður til að ná ónýtu perunni úr perustæði. Fór stefnandi því næst með starfsmanni smurstöðvarinnar inn á verkstæðið til að skoða nánar í hverju vandinn væri fólgin.

Bifreið stefnanda var þá ofan á einni gryfjunni og vélarhlífin opin. Þegar stefnandi hafði verið inni á verkstæðinu í skamma stund féll hann ofan í gryfjuna. Þegar slysið varð hafði umræddur starfsmaður vikið frá og engin vitni eru til frásagnar um nánari atvik í aðdraganda slyssins.

Í skýrslu lögreglu, sem var kölluð á vettvang, er greint frá því að tilkynning hafi borist um að maður hefði fallið niður einn og hálfan metra og rotast. Þegar lögregla kom á vettvang hafi stefnandi verið kominn til meðvitundar og setið rólegur í anddyri verkstæðisins. Hann hafi verið með blóðugan skurð á höfði, verið illa áttáður og ekki munað hvað hefði gerst. Lögreglan ræddi við C, starfsmann verkstæðisins, á vettvangi. Í skýrslu lögreglunnar er haft eftir C að hann hafi verið að vinna í gryfjunni við hliðina og heyrt dýnk. Hann hafi þá farið upp úr gryfjunni og séð hvar stefnandi lá í næstu gryfju. Stefnandi hafi verið meðvitundarlaus og gefið frá sér hljóð eins og hann væri að hrjóta.

Vinnueftirlitinu var tilkynnt um slysið og kom á vettvang samdægurs. Í takmarkaðri úttekt eftirlitsins eru gerðar tvær athugasemdir. Annars vegar segir að fyrirtækið hafi ekki gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði, sem eigi meðal annars að fela í sér sérstakt áhættumat með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfinu ásamt áætlun um heilsuvernd og forvarnir, og er vísað í því efni til reglugerðar nr. 920/2006, um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Gaf Vinnueftirlitið fyrirtækinu fyrirmæli um að bæta úr þessu. Hins vegar lýtur athugasemd að aðgengi að verkstæðinu. Segir í úttektinni að takmörkun á aðgengi viðskiptavina og óviðkomandi að vinnurýmiinu sé óviðunandi og er vísað til 39. og 40. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Viðskiptavinir sem hafi aðgengi að vinnurými geti valdið slysum eða óhöppum bæði á starfsmönnum og sjálfum sér. Voru gefin fyrirmæli um að gera ráðstafanir sem kæmu í veg fyrir aðgengi viðskiptavina og óviðkomandi að vinnurými. Í skýrslu Vinnueftirlitsins var fyrirtækinu veittur frestur til 20. desember sama ár til að verða við tilmælum eftirlitsins og í skýrslunni kemur fram að úrbætur hafi farið fram.

Um aðstæður á slysstað er þess að geta að óumdeilt er að lýsing á verkstæðinu var fullnægjandi, gólf verkstæðisins voru græn máluð með greinilegum gulum varúðarlínum í kringum gryfjurnar í gólfinu og gulmáluðum handriðum við langenda þeirra. Þá hangir í lofti verkstæðisins áberandi skilti merkt „HÆTTA, vinnusvæði“. Auk þess mun á slysdegi hafa verið einhvers konar varúðarmerking á hurðinni á milli afgreiðslu og verkstæðisins þar sem bent var á að óviðkomandi væri bönnuð umferð um verkstæðið.

Nú er á hurðinni skýr merking þar sem segir að samkvæmt reglum frá Vinnueftirliti ríkisins sé öll óviðkomandi umferð á verkstæðinu bönnuð.

Stefnandi og B, starfmaður Z, gáfu skýrslu fyrir dómi við aðalmeðferð málsins.

Í skýrslu sinni sagði stefnandi svo frá að hann hefði farið á smurverkstæði Z og óskað eftir því að skipt yrði um peru í bifreið sinni sem honum sjálfum hefði ekki tekist að skipta um. Starfsmaður verkstæðisins hefði ekið bílnum inn á verkstæðið og boðið honum að bíða inni á kaffistofu í afgreiðslunni á meðan hann sinnti verkefninu. Skömmu síðar hafi starfsmaðurinn komið til hans og sagt honum að það væri ekki hægt að skipta um peruna á þessu verkstæði og útskýrt orsakir þess. Síðan hafi hann boðið stefnanda að koma inn á verkstæðið til að líta sjálfur á hvað væri að. Þeir hafi þá farið saman að bifreiðinni, sem var staðsett yfir einni gryfjunni, og vélarhlífir hafi verið opin. Stefnandi kveður starfsmanninn hafa sýnt sér hvar lítil fjöður hafi verið brotin og það hafi verið ástæða þess að ekki var unnt að ná gömlu perunni úr perustæðinu. Hann kveðst þá hafa spurt starfsmanninn hvort ekki væri hægt að bjarga þessu með frekari verkfærum og síðan farið inn í bílinn sinn og náð í topplyklasett. Stefnandi kveðst síðan muna eftir sér þar sem hann hafi verið að bogra yfir bílnum en að öðru leyti muni hann ekki nánar eftir tildrögum slyssins. Aðspurður kveðst stefnandi ekki hafa verið varaður við hættunni af því að geta fallið ofan í gryfjuna.

B kvaðst vera sá starfmaður sem annaðist þjónustuna við stefnanda. Hann bar á sama veg og stefnandi varðandi það að hafa séð við skoðun að ekki hefði verið hægt að skipta um peruna þar sem fjöður hefði verið brotin. Jafnframt ber þeim saman um að B hafi farið til stefnanda og boðið honum að koma með sér inn á verkstæðið til að líta á bílinn. B kveðst í tvígang hafa bent stefnanda á að fara varlega og bent honum á hættuna af því að falla ofan í gryfjuna. Hann sagðist sjálfur vera vel meðvitaður um þá hættu og sagðist vita til þess að menn hefðu fallið í gryfjuna, m.a. hefði hann sjálfur einu sinni hrasað. B kannaðist ekki við að hafa rætt við stefnanda um hvort hægt væri að gera við perustæðið á staðnum en sagði að stefnandi hefði spurt til væri varahlutur í perustæðið. B kvaðst síðan hafa skilið stefnanda eftir inni á verkstæðinu og sjálfur brugðið sér frá til að athuga hvort umræddur varahlutur væri til. Hann sagðist hafa gengið út frá því að samstarfsmaður hans myndi verða eftir á verkstæðinu með stefnanda en síðar hafi komið í ljós að sá hefði líka vikið sér frá. Þegar hann hafi komið til baka hafi stefnandi þegar verið dottinn ofan í gryfjuna.

Stefndi hefur hafnað bótaskyldu og tilkynnti stefnanda það bréflega 22. febrúar 2018. Þar kemur fram að stefndi byggi á því að stefnandi sjálfur hafi tekið ákvörðun um að fara inn á verkstaðið og reyna sjálfur að gera við ljósið og hafi við það verk ekki gætt nægilega að sér. Taldi stefndi að slysið væri ekki að rekja til saknæmrar eða ólögmatrar háttsemi starfsmanna Z heldur væri um óhappatilvik að ræða og aðgæsluleysi stefnanda sjálfs um að kenna. Niðurstaða úrskurðarnefndar í váttryggingamálum frá 15. júní 2018 var á sama veg. Segir í forsendum úrskurðarins að ósannað sé að slysið sé að rekja til þess að varúðarráðstöfunum hafi verið áfátt eða að stefnanda hafi verið veittar ófullnægjandi leiðbeiningar.

Stefnandi var fluttur með sjúkrabíl til aðhlyningar á Landspítalanum. Í vottorði D, heimilislæknis stefnanda, er greint frá því að rannsókn við komu á Landspítalann hafi leitt í ljós að stefnandi hefði fengið litla heilablæðingu sem talin væri vera „subarachnoidal“ nálægt svæði í heilanum þar sem hann hefði áður orðið fyrir skaða, auk þess sem hann hefði tognaði á hálsi og þumalfingursbrotnað. Er afleiðingum áverkanna lýst í vottorðinu. Fram kemur að einkenni sem stefnandi glími við frá fyrri heilaskaða hafi greinilega versnað við slysið, einkum svimi og óstöðugleiki, og bak- og höfuðverkir hafi versnað, svo og svefnheilsa.

II.

Stefnandi reisir kröfur sína á því að váttryggingartaki beri skaðabótaábyrgð á tjóni því sem slysið olli á grundvelli sakarreglunnar og reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda á saknæmri háttsemi starfsmanna sinna. Beinir hann kröfu sinni að stefnda á grundvelli heimildar í 1. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, þar sem váttryggingartaki hafi verið með í gildi frjálsa ábyrgðartryggingu hjá því félagi.

Stefnandi vísar til skyldu váttryggingartaka samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, einkum 37. gr. og 13. gr., sbr. 14. gr., laganna, og reglna settra samkvæmt þeim.

Hin saknæma og ólögmeta háttsemi váttryggingartaka og starfsmanna hans hafi falist í því að hleypa stefnanda inn á vinnusvæði án þess að upplýsa hann um þá hættu sem gryfjurnar sköpuðu og án þess að gera ráðstafanir til að vernda hann. Vísar hann í þessu efni til 5. mgr. 39. gr. reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 þar sem mælt sé fyrir um að afgirða skuli svæði þar sem hætta sé á falli og koma í veg fyrir aðgang óviðkomandi fólks. Auknar kröfur séu gerðar um öryggisráðstafanir á vinnusvæðum sem

séu skipulögð þannig að viðskiptavinir eigi greiðan aðgang að. Fyrir liggi niðurstaða Vinnueftirlitsins um að aðbúnaður á slysstað hafi ekki verið í samræmi við áskilnað nefndra reglna.

Þá hafi stefnandi ekki hlotið þjálfun og fræðslu um hættur á vinnusvæðinu eins og starfsmenn váttryggingartaka, sbr. 14. gr. laga nr. 46/1980 og 25. gr. reglugerðar nr. 920/2006.

Loks hafi váttryggingartaki vanrækt að gera áhættumat fyrir vinnusvæðið svo sem honum sé skylt samkvæmt 65. gr. laga nr. 46/1980. Gerð slíks áhættumats hefði leitt í ljós að aðgengi viðskiptavina að vinnusvæðinu var óviðunandi og veitt váttryggingartaka tilefni til að gera ráðstafanir til að draga úr hættu svo sem kostur væri, sbr. fyrirmæli í 2. mgr. 65. gr. a í sömu lögum. Aðgerðir váttryggingartaka eftir slysið og athugasemdir Vinnueftirlitsins hafi leitt til þess að aðgangsstýringu að vinnusvæðinu hafi verið breytt á þá lund að viðskiptavinir komi ekki lengur inn á verkstæðið.

Stefnandi hafi fært fullnægjandi sönnur á að hann hafi orðið fyrir tjóni, sýnt fram á í hverju það felist og hvernig orsakatengslum við hina ólögmetu háttsemi sé háttað.

III.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi á því byggð að um óhappatilvik sé að ræða. Ekkert í gögnum málsins veiti vísbendingu um að aðbúnaður eða aðstæður á smurstöð Z hafi leitt til tjóns stefnanda. Þá sé einnig ljóst að starfsmenn smurstöðvarinnar hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi. Slysið megi alfarið rekja til þess að stefnandi kaus sjálfur að fara inn á vinnusvæði smurstöðvarinnar og ákvað að reyna að gera við perustæði bifreiðar sinnar, án þess að starfsmenn Z óskuðu eftir því. Með vísan til viðvörunarmerkja og aðvörunar starfsmanns Z hafi stefnandi mátt vita að nauðsynlegt væri að sýna fyllstu aðgát, sérstaklega varðandi gryfjuna. Stefnandi hafi hins vegar ekki, þrátt fyrir þetta, sýnt nægilega aðgát. Því sé um hreint óhappatilvik að ræða.

Í öðru lagi sé sök Z eða starfsmanna þess fyrirtækis með öllu ósönnuð. Allur aðbúnaður á verkstæðinu hafi verið í góðu lagi. Greinileg viðvörunarmerki hafi hangið yfir hverri gryfju, brúnir þeirra hafi verið málaðar í skærum gulum lit og lýsing verið góð. Ekki hafi verið unnt að girða af gryfjurnar enda þurfi að aka bifreiðum yfir þær þegar viðgerð fari fram. Öllum sem koma inn á verkstæðið megi vera ljóst að gæta þurfi varúðar. Þá hafi vinnueftirlitið ekki gert athugasemdir við viðvörunarskilti eða gólfmerkingar.

Þá hafi verkstæðið ekki verið opið almenningi enda hafi skýrlega staðið á skilti á hurð milli afgreiðslu og verkstæðis að umferð óviðkomandi væri bönnuð. Því sé því mótmælt að unnt sé að gera strangari kröfur til fyrirtækisins um öryggisráðstafanir á verkstæðinu gagnvart viðskiptavinum, eins og kunni að eiga við í verslunum og á öðrum stöðum sem beinlínis séu ætlaðir viðskiptavinum fyrirtækja.

Að endingu mótmælir stefndi því að ákvæði laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, eigi við um réttarsamband aðila. Lögin, og reglur settar á grundvelli þeirra, feli í sér skyldur atvinnurekenda gagnvart starfsmönnum sínum og óumdeilt sé að stefnandi hafi ekki verið starfsmaður Z.

Með vísan til framangreinds byggir stefndi á því að fyrirtækið hafi gert allar þær varúðarráðstafanir sem sanngjarnt megi telja til að tryggja öryggi þeirra sem eru inni á verkstæðinu.

Í þriðja lagi byggir stefndi á því að jafnvel þótt niðurstaða málsins verði sú að stefndi eigi bótarétt, þá hafi hann glatað þeim rétti að fullu vegna mikils eða stórfellds gáleysis. Vísar stefndi í þessu sambandi bæði til almennra reglna skaðabótaréttar, um meðábyrgð tjónþola, og 23. gr. a í skaðabótalögum nr. 50/1993, verði litið svo á að stefnandi hafi verið starfsmaður Z á slysdegi. Vísar stefndi að öðru leyti til sjónarmiða sem þegar hafa verið rakin um fullnægjandi aðstæður á verkstæði Z og gálausa háttsemi stefnanda sem hafi falist í því að fara inn á verkstæðið og hefja að eigin frumkvæði tilraun til að gera við bifreið sína. Verði litið svo á að ákvæði laga nr. 46/1980 eigi við um réttarsamband aðila, þá hafi hvílt sú skylda á stefnanda skv. 26. gr. laganna að tilkynna um það sem ábótavant var í aðbúnaði á verkstæðinu.

Til vara krefst stefndi þess að sök verði skipt og réttur stefnanda aðeins viðurkenndur að hluta þar sem hann hafi verið meðvaldur að tjóni sínu með miklu eða stórfelldu gáleysi.

IV.

Í máli þessu krefst stefnandi viðurkenningar á rétti til bóta úr ábyrgðartryggingu Z hjá stefnda vegna slyss sem hann varð fyrir á smurstöð fyrirtækisins. Um aðdraganda slyssins og aðstæður á vettvangi vísast til þess sem rakið er í atvikalýsingu dómsins.

Ágreiningur aðila snýst um það hvort rekja megi slysið til sakar Z og starfsmanna þess fyrirtækis, en stefndi byggir á því að um óhappatilvik sé að ræða eða að slysið megi rekja til eigin sakar stefnanda.

Stefnandi slasaðist inni á verkstæði Z þangað sem hann hafði leitað eftir þjónustu. Af gögnum málsins, m.a. myndum af verkstæðinu og úttekt vinnueftirlitsins, verður ekki ráðið að aðbúnaði inni á verkstæði Z hafi verið í neinu áfátt. Á hinn bóginn verður að leggja til grundvallar niðurstöðu dómsins að ekki hafi verið gerðar fullnægjandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að óviðkomandi aðilar hefðu aðgang að verkstæðinu. Aðrir en starfsmenn verkstæðisins, sem hafa fengið til þess fullnægjandi þjálfun að vinna við þær aðstæður sem þar eru, eiga almennt ekki erindi inn á verkstæðið sjálf. Því eiga viðskiptavinir að öllu jöfnu ekkert erindi inn á verkstæði Z og hvílir sú ábyrgð á fyrirtækinu að gera ráðstafanir til að takmarka aðgengi þeirra að svæðinu enda felst í því talsverð hættu að umgangast opnar gryfjur sem ekki er unnt að fallverja með tryggum hætti. Vísast um skyldu fyrirtækisins í þessu efni einkum til 39. gr. reglna nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða, sem sett er með stoð í lögum nr. 46/1980. Í niðurstöðu úttektar vinnueftirlitsins er það enda önnur af tveimur athugasemdum sem eftirlitið gerir að takmörkun á aðgengi viðskiptavina og óviðkomandi að vinnurýminu hafi verið óviðunandi á slysdegi og krafðist eftirlitið úrbóta í því efni sem þegar var brugðist við. Jafnvel þótt framangreindar reglur og lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, miði fyrst og fremst að því að tryggja öryggi starfsmanna, geta þau eðli málsins samkvæmt einnig gilt um aðra sem hafa aðgang að atvinnuhúsnæðinu. Öndverðri málsástæðu stefnda er því hafnað.

Þá er ekki fallist á það með stefnda að merking á hurð, þess efnis að óviðkomandi sé bannaður aðgangur, hafi falið í sér fullnægjandi aðgangshindrun að verkstæðinu, auk þess sem ágreiningur er um hvort eða hvernig þeirri merkingu var háttáð á slysdegi. Í skýrslu fyrir dómi bar B, starfsmaður Z, að það skilti sem nú er á hurðinni hafi ekki verið þar á slysdegi en vitnið kvaðst ekki muna hvernig merking hefði þá verið á hurðinni.

Óumdeilt er að starfsmaður Z bauð stefnanda að koma með sér inn á verkstæðið til að skoða bilunina í ljósabúnaði bifreiðarinnar. Ekki er heldur um það deilt að hann skildi stefnanda einan eftir á verkstæðinu á meðan hann brá sér frá. Í skýrslu B fyrir dómi kom fram að hann hefði gert ráð fyrir að samstarfsmaður hans yrði eftir hjá stefnanda, sem svo reynist ekki hafa orðið. Eins og hér stendur á verður sú háttsemi starfsmannsins metin honum til sakar. Gegn mótmælum stefnanda verður jafnframt að teljast ósönnuð sú staðhæfing stefnda að stefnandi hafi sérstaklega verið varaður við fallhættu við gryfjuna. Verður stefnandi því að bera hallann af skorti á sönnun um það atriði.

Samkvæmt því sem að framan er lýst er það niðurstaða dómsins að orsakir slyss stefnanda megi rekja til þess að hann hafi án eftirlits verið á smurverkstæði Z sem óviðkomandi aðilar, þar á meðal viðskiptavinir fyrirtækisins, eiga ekki að hafa aðgang að. Fyrirtækið bar ábyrgð á því að tryggja með fullnægjandi hætti að óviðkomandi aðilar hefðu ekki aðgang að verkstæðinu og í öllu falli bar starfsmönnum þess, teldu þeir á annað borð forsvaranlegt að bjóða einhverjum óviðkomandi inn á verkstæðið, að tryggja nægjanlegt eftirlit með þeim á meðan þeir dveldu þar. Svo sem að framan er rakið brást hvoru tveggja, auk þess sem ósannað er að stefnandi hafi verið aðvaraður um hættur á vinnusvæðinu. Eru þetta að að mati dómsins höfuðorsakir slyssins. Ber Z því, samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar og reglu um vinnuveitandaábyrgð, skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda. Ekkert er fram komið í málinu sem leiðir líkur að því að stefnandi sjálfur hafi sýnt af sér slíkt gáleysi að leitt geti til þess að bætur til hans verði skertar eða felldar niður.

Með framangreindum rökstuðningi verður krafa stefnanda tekin til greina. Samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnda gert að greiða málskostnað, 1.100.000 krónur, sem rennur í ríkissjóð. Stefnandi nýtur gjafsóknar. Allur gjafsóknarkostnaður hans greiðist því úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Óðins Elíssonar. Með hliðsjón af umfangi málsins, og að nokkru af framlagðri tímaskýrslu lögmanns stefnanda, er hann hæfilega ákveðinn 1.100.000 krónur.

Guðmundur Sæmundsson lögmaður flutti málið af hálfu stefnanda og Einar Baldvin Axelsson lögmaður af hálfu stefnda. Ingibjörg Þorsteinsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn. Gætt var ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

Dómsorð:

Viðurkennd er bótaskylda stefnda, Vátryggingafélags Íslands, úr frjálsri ábyrgðartryggingu Z hjá stefnda, vegna líkamstjóns sem stefnandi, A, hlaut í slysi þann 6. desember 2017.

Stefndi greiði 1.100.000 krónur í málskostnað sem rennur í ríkissjóð. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Óðins Elíssonar, 1.100.000. krónur.